


Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2319
komudagur. 5.5. 2004



BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

Alsherjarnefnd
Alþingi v/Austurvöll

Reykjavík, 6. maí, 2004

Umsögn um frumvarp til laga um eignarhald á fjölmiðlum.

Vegna greinargerðar nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi og frumvarps forsætisráðherra til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppislögum, vill Bandalag íslenskra listamanna vekja athygli á því að í greinargerðinni er felldur áfellisdómur yfir íslensku sjónvarpi og innlendri dagskrárgerð, en þar segir orðrétt:
“ Í alþjóðlegum samanburði hefur íslenskt sjónvarp í gegnum árin þrífaldlega vermt svo gott sem botnsætið hvað varðar hlutdeild innlands efnis af dagskrá og gildir þá einu hvort um er að ræða samanburð á efni stöðva í almannapjónustu eða einkarekinna stöðva.”

Bandalagið vill í þessu sambandi vekja athygli ráðamanna á að víða um heim tíðkast að í skilyrðum fyrir veitingu rekstrarleyfa til ljósvakamiðla, er skýrt kveðið á um ákveðna lágmarks hlutdeild innlands efnis af útsendingartíma. Í íslenskum lögum er ekki slíkt ákvæði, aðeins tilgreint að sjónvarpsstöðvar skuli “kosta kapps um að meirihluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu”.

Eina beina ákvæðið er snertir innhald dagskrárefnis tengist aðild okkar að evrópska efnahagssvæðinu, en í útvarpslögum segir að 10% af árlegum dagskrártíma og 10% af dagskrárfé skuli varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum.

Samkvæmt skýrslum eftirlitsstofnunar EFTA, hefur RÚV yfirleitt staðið vð þetta ákvæði, en Stöð tvö ekki.

Bandalagið mælist til þess að leitað verði leiða til að bæta úr því ófremdar ástandi sem ríkir á sviði innlendrar dagskrárgerðar og auknar og skýrari kröfur gerðar að hálfu löggjafans um innihald dagskrárefnis ljósvakamiðla almennt, án tillits til eignarhalds. Bandalagið lítur svo á brýnt sé að huga að þessum þætti í þeirri umræðu sem nú fer fram um útvarpslögin og breytingar á þeim, vegn þess mikilvæga hlutverks sem fjölmiðlar gegna í íslensku lista- og menningarlífi.

F.h. stjórnar, Tinna Gunnlaugsdóttir, forseti BÍL